

STF-2018-07 Þorláksvegur

Markmið: Finna leið á milli Kirkjubæjarklausturs og Þykkvabæjarklausturs og skrá hana niður með gps. Fá samþykki hjá öllum landeigendum á þeim jörðum sem leiðin fer um. Kortleggja inn á stafrænt kort.

Lýsing: Pílagrímaleið á milli Klaustra er verkefni sem er nú þegar í vinnslu og fékk styrk frá „Skaftárhreppur til framtíðar“ árið 2015 (Lokaskýrsla fylgir umsókn). Það þarf meiri tíma, ráð og fjármagn til að skoða mögulega leið og sjá hvernig best færi að merkja hana. Einnig þarf að halda áfram að tala við landeigendur og fá leyfi til þess að merkja hugsanlega gönguleið í gegnum þeirra jörð. Hér er ekki um að ræða gömlu leiðina á milli Klaustra enda fór hún undir Skaftáreldahraun árið 1783. Við höfum þó ákveðna leið í huga sem við verðum þó að skoða. Við munum leita eftir samstarfi við Veru Roth með von um að geta notað bókina hennar „Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu um aldamótin 1900.“ Leiðin á milli Klaustra verður skipt niður í dagleiðir og verða endastöðvar hverrar dagleiðar valdar þannig að hægt sé að sækja göngufólk á bílum. Leiðin öll verður vel yfir 100 km og dagleiðirnar átta. Við munum bæði ganga og skoða hentuga áningastaði en einnig verður notast við fjórhjól þar sem það er hægt. Ef verkefnið fær styrk þá mun Kirkjubæjarstofa halda utan um verkefnastyrkinn.

Verkefninu var úthlutað kr. 830.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.